# Hvað er á seyði um helgina?




Guðsþjónustur i Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 11. október 1981.
DAGUR FATLAÐRA

**ÁRBÆJARPRESTAKALL:** Barnasamkoma i safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10:30 árd. Guðsþjónusta i safnaðarheimilinu kl. 2. Ferming og altarisganga. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
**ÁSPRESTAKALL:** Messa að Norðurbrún 1 kl. 2. Samvera og kaffisala Safnaðarfélagsins eftir messu. Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson.
**BREIÐHOLTSPRESTAKALL:** Barnasamkoma kl. 11 árd. Messa kl. 2 e.h. i Breiðholtsskóla. Sr. Lárus Halldórsson.
**BÚSTAÐAKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 2, organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Kirkjukaffi og markaður Kvenfélagsins eftir messu. Sr. Ólafur Skúlason.
**DIGRANESPRESTAKALL:** Guðsþjónusta i Kópavogskirkju kl. 11. Prestur sr. Valgeir Ástráðsson. Barnasamkoma i safnaðararheimilinu við Bjarnhólastig kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
**DÓMKIRKJAN:** Kl. 11 messa. Sr. Þórir Stephensen. **Í messunni verða vigð brúðhjónin Ingunn Lilja Guðmundsdóttir og Guðjón B. Baldvinsson, Sunnuflöt 43, Garðabæ.** Kl. 2 messa. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H. Friðriksson.
**ELLIHEIMILIÐ GRUND:** Messa kl. 10. Sr. Þorsteinn Björnsson.
**FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL:** Barnasamkoma i Hólabrekkuskóla laugardaginn 10. okt. kl. 2 e.h. Sunnud.: Barnasamkoma i Fellaskóla kl. 11 f.h. Guðsþjónusta i safnaðarheimilinu að Keilufelli 1 kl. 2 e.h. Sr. Hreinn Hjartarson.
**GRENSÁSKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11 árd. Guðsþjónusta kl. 2. Ferming og altarisganga. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20:30. Organisti Jón G. Þórarinsson. Sr. Halldór S. Gröndal.
**HALLGRÍMSKIRKJA:** Messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Messa kl. 2. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Kirkjukaffi eftir seinni messu. Þriðjud. 13. okt.: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10;30, beðið fyrir sjúkum. Kirkjuskóli barnanna er á laugardögum kl. 2 i gömlu kirkjunni.
**Landspítalinn:** Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.
**HÁTEIGSKIRKJA:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 2. Sr. Tómas Sveinsson.
**BORGARSPÍTALINN:** Guðsþjónusta kl. 10. Organleikari Jón G. Þórarinsson. Sr. Tómas Sveinsson.
**KÁRSNESPRESTAKALL:** Barnasamkoma i Kársnesskóla kl. 11 árd. Fermingarguðsþjónusta i Kópavogskirkju kl. 2 (altarisganga). Sr. Árni Pálsson.
**LANGHOLTSKIRKJA:** Óskastund barnanna kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Sögumaður Sigurður Sigurgeirsson. Guðsþjónusta kl. 14. Ræðuefni: ,,Líknin sem aldrei þverr''. Organisti Jón Stefánsson. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.
**LAUGARNESPRESTAKALL:** Laugard. 10. okt.: Guðsþjónusta að Hátúni 10b, níundu hæð, kl. 11 árd. Sunnud. 11. okt.: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Dagur fatlaðra. Hanna Þorláksdóttir les pistil, félagar úr Æskulýðsfélaginu sýna helgileik. Hinn nýstofnaði Balcanto-kór i Garðabæ syngur undir stjórn Guðfinnu Dóru Ólafsdóttur. Þriðjud. 13. okt.: Bænaguðsþjónusta kl. 18. Æskulýðsfundur kl. 20:30. Miðvikud. 14. okt.: Almenn samkoma i kirkjunni á vegum bræðrafélagsins. Sr. Heimir Steinsson fjallar um efnið ,,Trúin og þjóðfélagið''. Fyrirspurnir og umræður. Sóknarprestur.
**NESKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 10:30. Fermingarmessa kl. 2. Sr. Frank M. Halldórsson.
**SELJASÓKN:** Guðsþjónusta i Ölduselsskóla kl. 2. Einsöngur: Helen Helgadóttir. Sóknarprestur.
**SELTJARNARNESSÓKN:** Barnasamkoma kl. 11 árd. i Félagsheimilinu. Sr. Frank M. Halldórsson.
**FRÍKIRKJAN i Reykjavík:** Fermingarmessa kl. 2. Organleikari Sigurður Ísólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.
**KEFLAVÍKURKIRKJA:** Sunnudagaskóli kl. 11. Hátíðahöld að Varmá i Mosfellssveit kl. 13.30. Hópferðabifreið leggur af stað úr Keflavík kl. 12 og fer áætlunarleið um Njarðvík. Sóknarprestur.
**KIRKJA ÓHÁÐA SAFNAÐARINS:** Messa kl. 14 (kirkjudagurinn) Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og formaður safnaðarins prédikar. Safnaðarprestur.



**Ásgerður Búadóttir við eitt verka sinna á sýningunni, sem hefst i Listasafni alþýðu á morgun.**

**DB-mynd Kristján Örn.**

## Listasýning helgarinnar — LISTASAFN ALÞÝÐU:

# Yfirlitssýning á myndvefnaði Ásgerðar Búadóttur

Á morgun verður opnuð i Listasafni alþýðu við Grensásveg yfirlitssýning á myndvefnaði Ásgerðar Búadóttur. Verkin sem öll eru unnin úr íslenzkri ull eru allt frá árinu 1957 til dagsins í dag. þetta er þriðja einkasýning Ásgerðar hér á landi en verk hennar hafa verið sýnd víða um heim og hafa þau vakið mikla athygli.

,,Með tilkomu þessa salar fannst mér tími til kominn að setja upp sýningu. Þessi salur er eini salurinn sem býður upp á dagsbirtuna en hún finnst mér mikið atriði fyrir ullarliti,'' sagði Ásgerður er hún kynnti blaðamönnum sýninguna.

Ásgerður Ester Búadóttir nam i Myndlista- og handíðaskólanum á árunum 1942—46 en hélt síðan i málaradeild Vilhelms Lundström við Konunglega akademíið i Kaupmannahöfn. Um 1950 byrjar Ásgerður að vefa og á alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni i München 1956 hlaut hún gullverðlaun fyrir verk sín.

Nokkur verk Ásgerðar hafa nú verið valin á sýningu skandinaviskra verka sem fer um Bandaríkin á næstu tveimur árum. Fjögur þeirra verka, sem þangað fara, eru á sýningu hennar í Listasafni alþýðu. 38 verk eru á sýningunni og eru aðeins nokkur þeirra til sölu. Sýningin stendur yfir dagana 10. okt. — 1. nóv.

**—ELA.**



**Í hulsturbókinni eru greinargóðar upplýsingar og aðgengilegar um hvernig á að bregðast við hinum ýmsu slysatilfellum. Til þess að geta notfært sér bókina á neyðarstundu er nauðsynlegt að vera búinn að kynna sér hana rækilega. — Fáðu þér eintak strax í dag og kynntu þér yfir helgina hvernig á að bregðast við bruna, kali, losti, gaseitrun, eldsvoða og mörgu fleiru sem getur komið fyrir bezta fólk.**

**DB-mynd Einar Ólason.**

## Bók vikunnar:

# Skyndihjálp í hulstri

Bók vikunnar að þessu sinni er ekki nema 42 blaðsíður. Það er mynd nærri því á annarri hverri blaðsíðu. Þessa bók á ekki að geyma uppi i bókaskáp heldur úti í bíl, annaðhvort í hanzkahólfinu eða í kassettugeymslu bílsins.

Þessi undarlega bók er hulsturbók eða kassettubók, og er þar að finna mjög greinargóðar upplýsingar um skyndihjálp. Bók þessi er gefin út af JC Mosfellssveit sem hyggst með henni bæði stuðla að því að koma í veg fyrir slys og óhöpp en einnig safna nokkru fé til starfsemi sinnar.

Landsverkefni JC félaganna á þessu ári er ,,Leggjum öryrkjum lið'' og er þessi bókaútgáfa liður i því. Bókin verður seld um allt land á vegum JC félaga.

Stefnt er að því að koma hulsturbókinni i hvern einasta bíl á Íslandi. Komið hefur verið að máli við bílaumboðin um að þau kaupi slíkar bækur og afhendi með nýjum bílum. Hefur þeirri málaleitan alls staðar verið vel tekið. Þá hafa lyfjaverzlanir einnig tekið vel i að hafa bók þessa á boðstólum og til greina kemur að bókin verði meðal annarra nauðsynja í sjúkrakössum.

Á blaðamannafundi í vikunni, þegar JC Mosfellssveit kynnti bók þessa, kom m.a. fram að hugmyndin að hulsturbókinni er komin frá Noregi. Þýðandi hennar er Bogi Arnar Finnbogason en Haukur Kristjánsson yfirlæknir slysadeildar Borgarspítalans las yfir handritið. Formaður útgáfunefndar er Árni Atlason. Á blaðamannafundinum voru einnig Þröstur Lýðsson gjaldkeri JC Mosfellssveit og Guðmundur R. Lúðvíksson blaðafulltrúi landsstjórnar.

Þeir JC félagar lýstu á blaðamannafundinum eftir betra orði yfir hulsturbókina sína. Þeir sögðust einnig vera opnir fyrir ábendingum um verkefni sem mega verða sem flestum til heilla.

Hulsturbók JC Mosfellssveitar kostar 35 kr. **-A.Bj.**

## Listasöfn

**ÁRBÆJARSAFN:** Árbæ. Opið samkvæmt umtali í síma 84412 milli kl. 9.00 og 10.00. Strætisvagn 10 frá Hlemmi gengur að safninu.
**ÁSGRÍMSSAFN, Bergstaðastræti 74, sími 13644.** Opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30—16.
**ÁSMUNDARSALUR, Freyjugötu, sími 14055:** Engin sýning.
**DJÚPIÐ, Hafnarstræti 16:** Sýning á ljósmyndum Einars Steingrímssonar. Hún stendur til 14. okt. og er opin daglega milli kl. 11 og 23. Aðgangur er ókeypis.
**GALLERÍ KIRKJUMUNIR, Kirkjustræti 10, sími 15030:** Sigrún Jónsdóttir, batik, kirkjumunir. Opið kl. 9.00—18.00 virka daga, kl. 9.00—16.00 um helgar.
**GALLERÍ LANGBRÓK, Bernhöftstorfu:** Engin sýning.
**HAMRAGARÐAR, Hávallagötu 24, sími 21944:** Engin sýning í vetur.
**HÖGGMYNDASAFN Ásmundar Sveinssonar v/Sigtún:** Opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardag og sunnudaga kl. 13:30—16.00.
**KJARVALSSTAÐIR, Miklatúni, sími 26131:** Í vestursal sýnir Félag íslenzkra myndlistarmanna. Sýningin er til 11. október. Opið daglega kl. 16—22.



**EDEN Hveragerði:** Þóra Sigurjónsdóttir, Lækjarbakka, opnar sýningu sína 9. október. Hún sýnir olíu og pastelmyndir, einnig málað hraungrjót og tré. Verkin eru öll til sölu. Þetta er önnur einkasýning Þóru, en hún hefur tekið þátt i nokkrum samsýningum. Sýningunni lýkur 18. október.

**LISTASAFN ALÞÝÐU, Grensásvegi 16, simi 81770:** Ásgerður Búadóttir, yfirlitssýning á myndvefnaði. Sýningin stendur yfir frá 10. okt. til 1. nóvember. Opið frá kl. 14—22.
**LISTASAFN Einars Jónssonar, Skólavörðuholti, sími 13797.** Opið sunnudaga og miðvikudaga frá kl. 13.30—16.
**LISTASAFN ÍSLANDS v/Suðurgötu, símar 10665 og 10695:** Verk Kristjáns Davíðssonar, opið daglega frá kl. 13.30—16.00.
**MENNINGARSTOFNUN BANDARÍKJANNA, Neshaga 16, sími 19331:** Engin sýning.
**MOKKA-KAFFI, Skólavörðustíg 3A, simi 21174.** Valdimar Einarsson frá Húsavík sýnir vantslita- og krítarmyndir. Opið frá kl. 9.30—23.30.
**NORRÆNA HÚSIÐ við Hringbraut, sími 17030:** Íslenzk grafík 10.—25. október. 15. október hefst sýning á norrænum sjölum.
**NÝJA GALLERÍÐ, Laugavegi 12:** Magnús Þórarinsson sýnir verk sín. Galleríið er opið frá kl. 14.00—18.00 virka daga.
**NÝLISTASAFNIÐ, Vatnsstig 3B, sími 14350:** Kristján Steingrímur Jónsson sýnir ljósmyndaverk og málverk frá 2.—12. október. Opið frá kl. 16—22 alla daga vikunnar.

## Söfn

**AÐALSAFN:** — Útlánsdeild, Þingholtsstræti 29a, sími 27155. Opið mánud.-föstud. kl. 9—21, einnig á laugard. sept.-apríl kl. 13—16.
**AÐALSAFN** — Sérútlán, sími 27155. Bókakassar lánaðir skipum, heilsuhælum og stofnunum.
**AÐALSAFN** — Lestrarsalur, Þingholtsstræti 27, sími 27029. Opið alla daga vikunnar kl. 13—19. Lokað um helgar i maí, júní og ágúst. Lokað júlímánuð vegna sumarleyfa.
**SÓLHEIMASAFN** — Sólheimum 27, sími 36814. Opið mánud.-föstud. kl. 9—21, einnig á laugard. sept.-apríl kl. 13—16.
**SÓLHEIMASAFN** — Bókin heim, sími 83780. Símatími: mánud. og fimmtud. kl. 10—12. Heimsendingarþjónusta á bókum fyrir fatlaða og aldraða.
**HLJÓÐBÓKASAFN** — Hólmgarði 34, sími 86922. Opið mánud.-föstud. kl. 10—16. Hljóðbókaþjónusta fyrir sjónskerta.
**HOFSVALLASAFN** — Hofsvallagötu 16, sími 27640. Opið mánud.-föstud. kl. 16—19. Lokað i júlímánuði vegna sumarleyfa.
**BÚSTAÐASAFN** — Bústaðakirkju, sími 36270. Opið mánud.-föstud. kl. 9—21, einnig á laugard. sept.-apríl kl. 13—16.
**BÚSTAÐASAFN** — Bókabílar, sími 36270. Viðkomustaðir víðs vegar um borgina.
**BÓKASAFN KÓPAVOGS,** Fannborg 3—5, s. 41577. Opið mán.-föst. kl. 11—21, laugard. (okt.-apr.) kl. 14—17. Sögustundir fyrir börn, 3—6 ára, föstud. kl. 10--11.

## Íþróttir

### Bikarkeppni BSÍ

Úrslitaleikurinn i bikarkeppni BSÍ verður haldinn á Hótel Loftleiðum laugardaginn 10. október. Til úrslita keppa sveitir Egils Guðjohnsen og Arnar Arnþórssonar. Úrslitaleikurinn er alls 64 spil og aðstaða fyrir áhorfendur verður ekki sett upp fyrr en að loknum 16 spilum, eða klukkan 13.00. Þá verða spilin sem eftir eru sýnd á sýningartjaldi. Aðgangseyrir verður 25 krónur.

Sveit Egils Guðjohnsen skipa auk hans: Stefán Guðjohnsen, Guðmundur Pétursson, Sigtryggur Sigurðsson, Óli Már Guðmundsson, og Þórarinn Sigþórsson.

Sveit Arnar Arnþórssonar skipa auk hans: Guðlaugur R. Jóhannsson, Hörður Arnþórsson, Jón Hjaltason, Jón Ásbjörnsson og Símon Símonarsson.

Keppnisstjóri er Guðmundur Sv. Hermannsson.

### Frá handknattleiksdeild ÍR

Aðalfundur deildarinnar verður haldinn miðvikudaginn 14. okt. i Greninu, Arnarbakka 2, kl. 21.00.
Venjuleg aðalfundarstörf.

## Ferðalög

### Útivistarferðir

Föstudag 9. október kl. 20.00: **Landmannalaugar, Jökulgil.** Gist i húsi. Fararstjóri Jón I. Bjarnason.